

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu
Dalbraut 12
840 Laugarvatn



Reykjavík 26. september 2016
UST201608-095/K.S.J.
10.04.03

Efni: Lýsing. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi lóðar hótels Nesjavalla, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Uppsveita Árnassýslu er barst 18. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi lóðar hótels Nesjavalla, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Skipulagssvæðið

Í lýsingu kemur fram að lóð hótels ION er á Nesjavöllum, en hótelið er 42 herbergja hótél. Einnig kemur fram að áætlað er að byggja við núverandi hótélbyggingu til norðvesturs, svo það verði 64 herbergja, ásamt því að stækka veitingaaðstöðu og fundarsali. Einnig kemur fram að landið norðan núverandi hótels er mosavaxið apalhraun með stöku birkihrislum.

Náttúruminjar

Í lýsingu kemur fram að áætluð stækkun á hóteli ION muni staðsett á svæði sem er þakið mosavöxnu apalhrauni með stöku birkihrislum. Umhverfisstofnun bendir á að skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 njóta jarðminjar sérstakrar verndar, en þar segir: „*Eftirtaldar jarðminjar njóta sérstakrar verndar í samræmi við markmið 2. gr. , sbr. og c-lið 3.gr: eldvörp, eldhraun, gervigígar og hraunhellar sem myndast hafa eftir að jökull hvarf af landinu á síðjökultíma.*“


Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að leita leið til að stækka ofangreint hótél þannig að hrauni verði ekki raskað. Eins og áætlun lítur út skv. lýsingu er áætlað að stækka hótelið inn í gróft mosavaxið apalhraun.

Umhverfisáhrif

Að mati Umhverfisstofnunar verða óafturkræf neikvæð áhrif á jarðmyndanir ef hótél verður stækkað skv. því er fram kemur í lýsingu. Umhverfisstofnun tekur undir að áætlaðar framkvæmdir á Nesjavöllum falla undir ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Fráveita

Umhverfisstofnun tekur undir áætlun um fráveitu og bendir á að ofangreint hótél er innan verndarsvæðis Þingvallavatns skv. lögum nr. 85/2005 um verndun Þingvallavatns.


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur